# Reglugerð um körfuknattleiksmót

**23. grein**
**1. DEILD KVENNA**
[...]

Mótananefnd er heimilt að veita B-liðum þátttökurétt í 1. deild kvenna. B-lið skulu leika sem gestalið og geta ekki færst upp um deild. Þau geta borið sigur úr býtum í deildinni en keppa ekki í úrslitakeppni deildarinnar. Liðið í efsta sæti að lokinni deildarkeppni hlýtur sæmdarheitið deildarmeistari og skal fá afhentan eignabikar~~.~~ ásamt því að færast beint upp í úrvalsdeild.

Að lokinni deildarkeppni hefst úrslitakeppni ~~með þátttöku fjögurra efstu A-liða deildarinnar~~ .

b) Úrslitakeppni
Í úrslitakeppninni skiptast andstæðingar í hverri viðureign á að leika á heimavelli og ávallt er byrjað á heimavelli þess liðs sem ofar varð í deildarkeppninni. Um tekjuskiptingu gilda sömu reglur um tekjuskiptingu í Íslandsmóti. Heimalið ber allan kostnað vegna dómara, en allan annan útlagðan kostnað sem liðin verða fyrir greiða þau sjálf.

Undanúrslit:
1) Lið nr. ~~1~~9 í úrvalsdeild – Lið nr. 4
2) Lið nr. 2 – Lið nr. 3

Hver viðureign stendur yfir þar til annað liðið hefur sigrað í þremur leikjum.

Úrslit um sæti í úrvalsdeild:
3) Sigurvegari úr nr. 1 – Sigurvegari úr nr. 2

Liðin sem leika til úrslita um sæti í úrvalsdeild leika þar til annað liðið hefur unnið þrjá leiki og hlýtur sigurvegarinn sæti í úrvalsdeild.

Ef fleiri en átta (8) A lið félaga taka þátt í 1. deild kvenna skal mótanefnd ákveða form úrslitakeppninnar.

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Vísað til:** | ☐ Allsherjarnefndar | ☐ Fjárhagsnefndar | ☐ Laga- og leikreglnanefndar |
| **Afgreitt:** | ☐ Samþykkt óbreytt | ☐ Samþykkt með breytingum | ☐ Felld |

**Greinargerð:**

*F.h. kkd. Hamars*
*Halldór Karl Þórsson*

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Vísað til:** | ☐ | Allsherjarnefndar | ☐ | Fjárhagsnefndar | ☐ | Laga- og leikreglnanefndar |
| **Afgreitt:** | ☐ | Samþykkt óbreytt | ☐ | Samþykkt með breytingum | ☐ | Felld |

**Umsögn mótanefndar**

Með úrslitakeppni sem þessari þarf að gæta sérstaklega að því að deildarkeppni úrvalsdeildar kvenna og 1. deildar kvenna séu að klárast á sama tíma, til að tryggja jafnræði milli þeirra liða sem mætast í úrslitakeppninni.

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Vísað til:** | ☐ | Allsherjarnefndar | ☐ | Fjárhagsnefndar | ☐ | Laga- og leikreglnanefndar |
| **Afgreitt:** | ☐ | Samþykkt óbreytt | ☐ | Samþykkt með breytingum | ☐ | Felld |